

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Þjónustukönnun haustönn 2022

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Halla Hafbergsdóttir tók saman

Nóvember 2022

Þjónustukönnun VMA haust 2022

Þjónustukönnun VMA er gerð á tveggja ára fresti og eru nemendur spurðir álits um ýmsa þætti í skólastarfinu, aðra en kennslu í áföngum. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það sameiginlegt verkefni nemenda og starfsfólks VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólanum. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnunin var lögð fram á haustönn 2022 og fór fram í gegnum Innu. Allir nemendur í dagskóla, alls 876, fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Könnunin var opin frá 11.10 til 25.10 og 269 nemendur svöruðu könnuninni, eða alls 30,6%.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 91% nemenda spurningunni mjög eða frekar sammála.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 90% nemenda svari spurningunni: Í skólanum líður mér vel með því að svara næstum alltaf eða oftast. Í þjónustukönnun á haustönn 2022 svara 82% nemenda spurningunni næstum alltaf eða oftast.

Markmiðið um að 90% svar frekar eða mjög sammála þessum tveimur spurningum næst í fyrri spurningunni en ekki í þeirri síðari.

Heildarniðurstöður þjónustukönnunar birtast hér að neðan. Þær eru einnig aðgengilegar skólameistara og aðstoðarskólameistara í Innu.

Samantekt könnunar


Heiti: Þjónustukönnun VMA haustönn 2022
Undirskóli: DAG
Önn: 20222
Lagt fyrir: Nemendur
Hefst: 11.10.2022 15:29
Lýkur: 25.10.2022 23:55
Fjöldi sem lagt er fyrir: 876
Fjöldi svara: 268

Á heildina litið er ég ánægð(ur) með þráðlausa netið í VMA.

- | | | |
|-------------------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 18% | (47/267) |
| 2. Frekar sammála | 46% | (124/267) |
| 3. Frekar ósammála | 20% | (54/267) |
| 4. Mjög ósammála | 12% | (31/267) |
| 5. Nýti mér aldrei þjónustuna | 4% | (11/267) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 267 af 268
Svarhlutfall: 100%




Á heildina litið er ég ánægð(ur) með þjónustu bókasafns VMA?

- | | | |
|-------------------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 57% | (150/265) |
| 2. Frekar sammála | 25% | (65/265) |
| 3. Frekar ósammála | 2% | (4/265) |
| 4. Mjög ósammála | 1% | (3/265) |
| 5. Nýti mér aldrei þjónustuna | 16% | (43/265) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 265 af 268
Svarhlutfall: 99%




Á heildina litið er ég ánægð(ur) með þjónustu skrifstofu VMA?

- | | | |
|-------------------------------|-----|-----------|
| 1. Mjög sammála | 29% | (76/265) |
| 2. Frekar sammála | 44% | (116/265) |
| 3. Frekar ósammála | 8% | (22/265) |
| 4. Mjög ósammála | 3% | (7/265) |
| 5. Nýti mér aldrei þjónustuna | 17% | (44/265) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 265 af 268
Svarhlutfall: 99%




Það skiptir mig máli að standa mig vel í náminu.

1. Mjög sammála **63%** (167/264)
2. Frekar sammála **36%** (94/264)
3. Frekar ósammála **1%** (2/264)
4. Mjög ósammála **0%** (1/264)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 264 af 268
Svarhlutfall: 99%




Á heildina litið, er ég ánægð(ur) með þjónustu mótuneytis í VMA?

1. Mjög sammála **13%** (35/264)
2. Frekar sammála **31%** (81/264)
3. Frekar ósammála **11%** (30/264)
4. Mjög ósammála **8%** (22/264)
5. Nýti mér aldrei þjónustuna **36%** (96/264)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 264 af 268
Svarhlutfall: 99%




Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.

1. Mjög sammála **33%** (88/264)
2. Frekar sammála **58%** (154/264)
3. Frekar ósammála **7%** (19/264)
4. Mjög ósammála **1%** (3/264)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 264 af 268
Svarhlutfall: 99%




Í skólanum líður mér vel.

1. Mjög sammála **27%** (70/264)
2. Frekar sammála **55%** (146/264)
3. Frekar ósammála **13%** (35/264)
4. Mjög ósammála **5%** (13/264)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 264 af 268
Svarhlutfall: 99%




Hvert leitar þú þegar þig vantar upplýsingar og/eða aðstoð varðandi skólastarfið (mátt merkja við fleiri en einn möguleika):

- | | | |
|--------------------|------------|-----------|
| 1. Heimasiðu | 20% | (110/564) |
| 2. Skrifstofu | 12% | (68/564) |
| 3. Sviðsstjóra | 6% | (34/564) |
| 4. Umsjónarkennara | 10% | (57/564) |
| 5. Brautarstjóra | 9% | (50/564) |
| 6. Námsráðgjafa | 11% | (63/564) |
| 7. Kennara | 28% | (159/564) |
| 8. Áfangastjóra | 4% | (23/564) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 564 af 268

Svarhlutfall: 210% ▲



Hverskonar nám stundar þú?

- | | | |
|--|------------|-----------|
| 1. Brautabú eða starfsbrautir | 14% | (38/265) |
| 2. Iðn- eða starfsnám (s.s. rafvirkjun og sjúkraliði) | 41% | (108/265) |
| 3. Nám til stúdentsprófs (s.s. náttúruvísinda- og listnámsbraut) | 45% | (119/265) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 265 af 268

Svarhlutfall: 99%



Aldur þinn?

- | | | |
|--------------------|------------|-----------|
| 1. Yngri en 18 ára | 62% | (165/267) |
| 2. Eldri en 18 ára | 38% | (102/267) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 267 af 268

Svarhlutfall: 100%



Opin svör við spurningunni, Hvað finnst þér jákvæðast - eða hverjir eru helstu styrkleikar VMA?

- Að maður getur svoltið ráðið þessu sjálfur
- Gott samfélag
- Listnams kennararnir
- Mér finns bara allt fínt um skólan
- Fjölbreytt og skemmtilegt nám, engin lokapróf/lokaprófavika
- Hvað það er hreint
- Kennarar og sviðsstjórar eru flestir alltaf til í að aðstoða mann við allt.
- Verklegi tímarnir
- Hvað skólinn er fjölbreyttur
- Félagslíf
- Auðvelt að ná sér í upplýsingar
- listnámsbrautin
- Fjölbreytileiki og sveigjanleiki, það er svigrúm til að vera maður sjálfur án þess að vera dæmdur og maður getur tekið námið á sínum hraða
- að maður fær að vera með öðru fólki í tímum ekki alltaf sama fólkið
- Það er bókasafnið og góðir, hjálpsamir kennarar.
- Fjölbreytnin og hvað flestir kennararnir eru mjög góðir að kenna.
- Kennslan er góð og flestir kennarar líka.
- Að geta valið og tekið námið á sínum hraða, og eiga kost á að skipta um braut
- hvað skólinn er opin og allir bara gera sitt
- Að gott félagslíf er innan skólans jafnt sem utan.
- Félagslíf, geggjað fólk og geggjaðir kennarar
- Hversu tilbúnir kennarar eru til þess að kenna
- Mjög opin skóli.
- Geta lært vélstjórn
- Bjóða upp skemmtilegt nám
- Bara að geta gert meira en í grunnskóla
- Allskonar nám
- netið
- Taka tillit til nemandar
- Fjölbreytt nám
- Margir valmöguleikar og brautir
- Iðnámið er verulega gott og aðstaðan góð fyrir iðnnám
- Ekkert bekkjarkerfi
- Góður félagsskapur venjulega
- Kennarar og verklegt hjá mér
- Það er nám fyrir fatlaða
- Það er boðið upp á marga möguleika námslega séð
- Fjölbreytni í námi
- Yfirleitt flestir sem vilja hjálpa manni af bestu getu. Flestir kennarar eru mjög tillitssamir og vilja að manni gangi vel í námi.
- Þjónustan
- Fjölbreytileiki
- Helstu styrkleikar VMA að mínu mati er áfangakerfið
- skemmtilegt
- fullt að kennurum allatsðar eða eithvað
- gott nám og góðir kennarar

- Já mjög jakvæð.
- Félagslífið
- Fjölbreytileiki
- Gott skipulag að mestu
- Stórt hús
- Góðir kennarar (flestir)
- Flott nám
- Að maður ræður á hvaða hraða maður tekur námið.
- Hvað það eru skemmtilegir krakkar:) skemmtilegt nám:)
- Nemendafélagið
- Heimavistarskóli
- Frábærir kennarar á rafeindavirkjun. Mötuneytið yndislegt.
- Löng hádegispása
- Áfangakerfið & nemendafélagið

Opin svör við spurningunni, Hvað finnst þér mega bæta í VMA?

- Lækka verðið á matnum í mötuneytinu
- Uppfæra kensluna í ensku og íslensku, þetta er forn leið að kenna og það er erfitt að læra þótt maður vill það.
- Hætta hafa kennslur klukkan 8:30
- Lengri hádegis matur og að fá að vakna 10 suma daga heldur en 7:20 alla daga
- netið
- Ég held bara að það þarf ekki að bæta neinu við núna
- Það mættu vera fleiri kynfræðslur eða val áfangi sem snýst um kynfræðslu, samskipti kynjana og mismunandi kyn og kynhnegðir
- Kennsla á skipulagi og baráttu við frestunaráratu.
- Verð á matarvörum
- Að allir kennarar noti sama forrit, t.d moodle
- Hafa skólann opin á einhverjum kvöldum svo að nemendur geti komið og lært (ekki bara þegar að nemendafélagið skipuleggur studdu kvöld).
- Félagslíf
- Grænmetisfæði alla daga
- Verðin í mötuneytinu og félagslífið
- Netið
- Matinn
- Meira félagslíf
- Fyrst og fremst mega vera klukkur inn í skólastofum svo það er hægt að sjá hvað klukkan er. Það er alveg hræðilegt að ekki hafa klukku á veggnum.
- Kenna bifvélavirkjan takk
- Við ættum að breyta gryfjunni alveg og búa til fleiri lærdómshorn annaðstaðar en í gryfjunni og nýta gryfjuna í skemmtun eins og íris kennari leggur til.
- Meiri kleinuhringir
- Lærra verð í sjoppuni
- Meira verklegt á íþróttarbraut
- Fá sófa útum skólann og sérstaklega á listnáms, lækka verðið á þessu blessaða mötuneyti
- Menntun um minnihluta hópa fyrir allar greinar.

- Fleiri róandi staðir til að vera (bókasafnið er oft fullt)
- Þegar ég fór í VMA fór ég á þeim forsendum að ég gæti valið raungreinar og stærðfræði með myndlistanáminu mínu en það hefur ekki verið raunin.
- Netíð má vera aðeins hraðar annars ekkert
- Ekkert þetta er finn skóli
- Verðið á matnum
- Loftræsting
- Mötuneytið mætti vera ódýrara og sumir kennarar mættu bæta sig aðeins.
- Lengra hádegis mat, til dæmis krakka sem eiga ekki heima nálægt eiga erfitt með að borða heima hjá sér vegna stutta tíma
- Þráðlausa netíð er fint en það næst ekkert alltaf almennilega í allar stofur
- Skólastofurnar eru ekki nógu góðar. Það þarf að breyta loftinu í þeim því ég á mjög erfitt með að sjá skjávarpan og/eða töfluna .
- Að hafa ruslatunnur inni í skólastofum
- mötuneytið
- Bara betra net netíð er ágætt en gæti verið betra
- kynfræðslu,orkudrykkir,og láta það sem maður fær i mötuneyti kosta minna
- Hafa fleiri námsmatsdaga
- Félagslíf
- Betra Net! Og leirbrennslu ofn :)
- Setja súkkulaði mjólkina i mötuneytið aftur!!
- Félagslífið
- Mér finnst að kerfið hér megi vera liðlegra einnig finnst mér að skólinn ætti að íhuga spennarkerfi alvarlega því þar að leiðandi verður kerfið mun liðlegra. Einnig þykir mér moodle gersamlega óþolandi forrit vegna þess t.d. að aðgangur að því er einungis í tölvunni og síðan þarf að logga sig inn í nánast hvert einasta skipti. Þar kæmi sterklega til greina að skólinn kynni sér kerfi á borð við canvas annars var það ekkert fleira.
- Félagslífið
- Loftræsting og atburðir í hádeginu
- Gera gryfjuna að skemmtilegri stað
- Aðstöðu fyrir bóklega námið
- Minni fisk það er alltaf fiskur í matinn
- það er alltaf kalt
- Fá sófana aftur í matsalinn
- Ruggu stól
- Netíð næst ekkert í sumum stofum og dettur oft út
- Félagslífið
- Alltof dýr matur
- Hvíldar svæði
- Fjölbreyttari mat í mötuneyti
- Wifið
- Gryfjan er fyrir alla
- Meira skipulag í fjarnámi
- Bílastæði
- Nemendaaðstöðu vélstjórnarnema
- Betri mat í matsalnum og lækka aðeins verðið á sjoppunni og hafa meiri úrval þar líka.

- Betra mótuneyti og fleiri sófar annars staðar en í gryfjuni
- Almenna kurteisi
- Meira félagslíf þá fleiri böll
- Kennararnir þurfa að vera jákvæðari og kenna betur Þarf meira val í matsalinn (laktósafrítt)
- Hafa aftur hádegismat frá 12:20- 13:10
- Tækjakost í kennslu eldhúsi
- Skatepark í gryfjuna
- Alltaf kalt herna
- félagslífið
- Hópefli